



**Leiðbeinandi tilmæli  
nr. 3/2006**

**Leiðbeinandi tilmæli um hvernig meðhöndla eigi áhrif breytinga á skulda- og eiginfjárliðum váttryggingafélaga við upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS)**

**16. júní 2006**

## Inngangur

Tilmæli þessi eru ætluð váttryggingafélögum sem semja nú þegar eða munu í framtíðinni semja ársreikninga samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS).

Markmiðið er að samræma gjaldþolskröfur þannig að ekki skipti máli hvaða uppgjörsaðferð er notuð, með því að takmarka þau áhrif sem breytingar á skulda- og eiginfjárliðum gætu haft á gjaldþolsstöðu váttryggingafélaga. Þessar takmarkandi aðgerðir kallast á ensku “prudential filters”.

Leiðbeiningar um hvernig að slíkri samræmingu skuli staðið voru gefnar út af Samstarfsnefnd eftirlitsaðila á váttryggingamarkaði innan EES (CEIOPS), undir heitinu “[Recommendations regarding the Implications of the IAS/IFRS Introduction for the Prudential Supervision of Insurance Undertakings](#)”. Stuðst hefur verið við þær leiðbeiningar við gerð þessara tilmæla.

Eyðublað það sem váttryggingafélög nota til útreiknings gjaldþols og lágmarksgjaldþols mun verða aðlagð þeim breytingum sem fylgja munu IFRS.

Áðurnefndar leiðbeiningar CEIOPS taka einnig til þess hvernig meðhöndla eigi reglur um eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar. Um þær reglur er mælt fyrir um í reglugerð nr. 646/1995 um eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar. Fjármálaeftirlitið telur þörf á nokkrum breytingum á reglugerðinni sem leiða af IFRS, m.a. á því hvernig váttryggingaskuld er skilgreind. Þessi tilmæli taka því ekki á þeim reglum.

### 1. Skilgreining á váttryggingasamningi

1. Samkvæmt IFRS 4 er váttryggingasamningur skilgreindur sem *Samningur tveggja aðila þar sem annar aðilinn (váttryggjandinn) tekur að sér umtalsverða váttryggingaáhættu frá hinum aðilanum (váttryggingartakanum) og samþykkir að bæta váttryggingartakanum eða öðrum bótaþega ef tiltekinn óviss framtíðaratburður (váttryggður atburður) hefur óhagstæð áhrif á váttryggingartakanum eða annan bótaþega.*
2. Þessi skilgreining gæti leitt til að samningar sem seldir hafa verið sem váttryggingasamningar teljist það ekki samkvæmt IFRS 4 vegna þess að ekki sé um næga váttryggingaáhættu að ræða, vegna þess að ekki er nægileg óvissa um umræddan framtíðaratburð, eða að óhagstæð áhrif atburðarins eru óveruleg.
3. Fjármálaeftirlitið mun taka til skoðunar hvort sala váttryggingafélaga á afurðum sem ekki teljast váttryggingasamningar í uppgjörum félaganna, teljist til óheimilar hliðarstarfsemi í skilningi 9. og 11. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi.
4. Komi hins vegar sú staða upp að slíkar afurðir séu seldar þrátt fyrir reikningskilalega breytingu skal draga þá lækkun á váttryggingaskuld sem af slíkri breytingu leiðir frá gjaldþoli. M.ö.o., í útreikningi gjaldþols skal gera ráð fyrir að váttryggingaskuld sé fengin á sama hátt og gert var fyrir upptöku IFRS.

5. Jafnframt skal í útreikningi lágmarksgjaldþols gera ráð fyrir að inngreiðslur vegna samninga sem ekki teljast váttryggingarsamningar í skilningi IFRS 4 teljist til iðgjalda í útreikningi lágmarksgjaldþols. Á sama hátt skal telja útgreiðslur vegna slíkra samninga til tjóna í útreikningi lágmarksgjaldþols.

## 2. Mat á fjárfestingum og fasteignum

6. Við það að fjáreignir og fasteignir sem áður voru færðar á kostnaðarvirði eru færðar á gangvirði (fair value) geta eignir hækkað sem nemur óinnleystum fjármagnshagnaði.
7. Fjármálaeftirlitið telur þá þróun að eignir váttryggingafélaga verði í meira mæli en áður færðar á gangvirði vera í rétta átt og telur því þá hækkun sem verður á gjaldþoli samfara slíkri hækkun eðlilega. Ekki er því ástæða til að láta þá hækkun ganga til baka í útreikningi gjaldþols.
8. Á sama hátt gæti það gerst að fjárfestingar og fasteignir sem áður voru gerðar upp á markaðsvirði séu gerðar upp á kostnaðarvirði samkvæmt IFRS. Við það gæti bókfært virði eignanna hækkað eða lækkað.
9. Í þeim tilvikum skal sú hækkun eða lækkun dregin frá gjaldþoli, þ.e. gjaldþol miðast við að allar fjárfestingar og fasteignir sem áður voru gerðar upp á markaðsvirði, séu gerðar upp á þann hátt áfram.

## 3. Breyttar aðferðir við mat á váttryggingaskuld

10. Samkvæmt IFRS 4 er váttryggjendum eingöngu heimilt að breyta mati á váttryggingaskuld (reikningsskilavenjum fyrir váttryggingarsamninga) ef og aðeins ef breytingin gerir reikningana meira viðeigandi fyrir ákvörðunartöku notenda og áreiðanlegri. Sér í lagi verður ekki hægt að taka upp nýja reikningsskilavenju sem felur í sér eitthvert af eftirfarandi, þrátt fyrir að váttryggjandi megi halda áfram að nota slíka reikningsskilavenju, sé hún þegar í notkun:
- (a) sem núvirðir ekki váttryggingaskuldbindingar
  - (b) sem metur váttryggingaskuldbindingar af of mikilli varkárni
  - (c) sem endurspeglar framtíðar fjárfestingartekjur í mælingu á váttrygginga-skuldbindingum, með því að annaðhvort
    - (i) núvirða með vaxtaprósentu sem endurspeglar mat á ávöxtun á eignum váttryggjandans; eða
    - (ii) spá fyrir um ávöxtun á eignum með tiltekinni ávöxtun og núvirða fjárfestingartekjur með annarri ávöxtunarprósentu, og nota niðurstöðuna í útreikningum á skuldbindingum.
11. Taki váttryggingafélag upp nýjar aðferðir við mat á váttryggingaskuldbindingum, að gefnum takmörkunum í IFRS 4, skal gera grein fyrir því í skýringum. Jafnframt getur slík breyting á aðferðum orðið til að lækka váttryggingaskuld og hækka þar með eigið fé sem leiðir til hækkunar gjaldþols. Lækkun váttryggingaskuldar gæti líka lækkað lágmarksgjaldþol.

12. Telji Fjármálaeftirlitið að nýjar aðferðir félagsins uppfylli eftir sem áður almennar kröfur um varfærni, þar á meðal reglur nr. 903/2004 um mat á tjónaskuld og gagnaskil í því sambandi, mun eftirlitið ekki gera athugasemdir við að nýjar aðferðir leiði til hækkunar gjaldþols og/eða lækkunar lágmarksgjaldþols.

#### **4. Mat á skuldbindingum vegna fjármálagerninga**

13. Uppgjörsreglur IFRS varðandi skuldbindingar vegna fjármálagerninga geta haft þau áhrif að liðir sem áður töldust til skulda teljist til eigin fjár, og öfugt.
14. Fjármálaeftirlitið telur að í raun muni þessi þáttur hafa óveruleg áhrif til breytinga á gjaldþoli. Eftirlitið mun fylgjast með þróun þessa þáttar og taka eftir atvikum afstöðu til hvort breytingar á mati á skuldbindingum vegna fjármálagerninga hafi veruleg áhrif á gjaldþol. Í þeim tilvikum gæti gjaldþol váttryggingafélags hækkað sem nemur hækkun á eiginfjárliðum. Ekki verður spurst fyrir um þessar breytingar í gjaldþolseyðublaði Fjármálaeftirlitsins.
15. Í staðlinum IAS 39 er kveðið á um að hagnaður eða tap vegna breytinga á lánshæfismati eða vaxtaálagi vegna útlánaáhættu viðkomandi félags, skuli koma fram í rekstrarreikningi.
16. Hagnaður eða tap sem myndast vegna breytinga á lánshæfismati eða vaxtaálagi skal dragast frá gjaldþoli.

#### **5. Ágóðauthlutun**

17. Samkvæmt IFRS 4 er hægt að telja þann hluta ágóðajöfnunarskuldar sem ekki er búið að merkja tilteknum líftryggingatökum til eigin fjár.
18. Ágóðajöfnunarskuld sem flutt hefur verið í eigið fé skal dragast frá gjaldþoli.
19. Sé úthlutað af ágóðajöfnunarskuld skv. 18. tl. má telja þá úthlutun til gjaldþols undir 8. tl. 1. mgr. 29. gr., duldir sjóðir vegna vanmats eigna, enda séu þeir af varanlegum toga.

#### **6. Undanþágur**

20. Váttryggingafélag þarf ekki að gera grein fyrir og lækka gjaldþol samkvæmt einhverjum af töluliðum 4, 9, 16 og 18 nemi lækkunin samkvæmt viðkomandi ákvæði lægra hlutfalli en 1% af fyrra gjaldþoli.

#### **7. Gildistaka**

21. Tilmælin taka gildi frá og með uppgjöri vegna ársins 2006.